

Nd.

332. Frumvarp til laga

um stríðsgróðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt sankvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr.

Af 75000—100000 kr. greiðist	1000 kr. af 75000 kr. og 10 % af afganginum
— 100000—125000 — —	3500 — — 100000 — — 15 — — —
— 125000—150000 — —	7250 — — 125000 — — 20 — — —
— 150000—175000 — —	12250 — — 150000 — — 25 — — —
— 175000—200000 — —	18500 — — 175000 — — 30 — — —
— 200000 og þar yfir — —	26000 — — 200000 — — 35 — — —

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur 40% af niðurfjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 6% — sex af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1941, miðað við tekjur ársins 1940.